

skiftist í tvær sóknir, Holtssókn og Flateyrarsókn, og að ný kirkja verði byggð að Flateyri, þannig, að hreppsmörkin verði látin ráða^{9.} sept. sóknarskiftingunni, að skifting þessi fari fram þá er kirkjan er byggð á Flateyri, og að þá skuli sjóði Holtskirkju skift á milli hinna væntanlegu sókna, hlutfallslega eftir tölu gjaldskyldra manna í hvorum hluta sóknarinnar eins og hún hefir verið síðastliðin 5 ár.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslu- 61
mannsins í Rangárvallasýslu, um flutning þingstaðar. 7. okt.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 26. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess, að þingstaður téðs hrepps verði fluttur frá Grjótá að Krossalækjará rjett við þjóðveginn, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REGLUR

um

um meðferð á skógum og kjarri.

62
16. apríl

Samkvæmt lögum um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl. frá 7. maí 1928, eru hérmeð, eftir tillögum skógræktarstjóra, settar eftirfarandi nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri.

A. Um skógarhögg.

1. Í skóglendi þar sem trjágróðurinn er þéttur, sbr. 1. mynd, og þroskamikill útlits, hvort sem hann er hár eða lágur, má eigi höggva (grisja) meira en það, að krónur þeirra hríslna, sem eftir eru skildar, snerti hver aðra að einhverju leyti, sbr. 2. mynd. Reyna skal eftir